

# Matvælaráðuneytið

## Fundargerð

Boðandi: **Hjalti Jón Guðmundsson**  
Dags: **05.01.2023**  
Boðaðir: **Álfheiður Ingadóttir, Kjartan Dige Baldursson, Haraldur L. Haraldsson**  
Fundarmenn: **Allir mættir**  
Bréfalykill: **02.02.09 Lögskipaðar nefndir, stjórnir og ráð – Matvæli og matvælaöryggi**  
Málsnúmer: **MAR22020305**

Efni: Fiskeldissjóður - 39. fundargerð

### Frásögn af fundi

- Fundargerð 38. fundar yfirfarin og borin upp til samþykktar*  
Stjórn samþykkti fundargerð 38. fundar.

- Yfirlit yfir greiðslur vegna úthlutaðra styrkja. Umræða um endurgreiðslur styrkja, framhald frá síðasta fundi. Dagskrárlið frestað á síðasta fundi.*

Stjórn samþykkti að greiða út lokagreiðslur vegna tveggja verkefna sem höfðu sent inn lokaskýrslur.

- Ársskýrsla 2021. Staðan.*

Stjórn er að vinna að ársskýrslu vegna ársins 2021. Stjórn er búin að ráða grafískan hönnuð til að setja upp skýrsluna. Aflað var fjögurra tilboða í verkið. Álfheiður Ingadóttir, tók ekki þátt í umfjöllun um tilboð og ákvörðun um hönnuð vegna vanhæfis. Starfsmanni sjóðsins var falið að senda grafískum hönnuði myndir til að nota í ársskýrsluna og ársreikning ársins 2021.

- Úthlutunarreglur, matskjal og auglýsing vegna úthlutunar 2023.*

Stjórn fór yfir úthlutunarreglur, matskvarða og auglýsingu vegna ársins 2023. Stjórn samþykkti að senda sveitarfélögunum drög að úthlutunarreglum.

- Samráðsfundur með fulltrúum sveitarfélaga og Sambandi isl. sveitarfélaga varðandi úthlutun 2023. Fundur boðaður 9. janúar n.k. kl. 13:00.*

Stjórn undirbjó fund með sveitarfélögum þann 9. jan. nk.

- Önnur mál.*

Kjartan þurfi að fara, fundartíma var lokið.

Stjórn fékk á fund til sín starfsmann Matvælasjóðs sem kynnti hvernig utanumhaldi þess sjóðs er háttað. Stjórn var sammála um að nauðsynlegt væri að fá tölvukerfi til að halda betur utan um málefni Fiskeldissjóðs.

Fundi slitið kl. 13:00

**Niðurstaða og ákvarðanir**

**Tilvísun í málsnúmer og fylgiskjöl**

